



Fundargerð

27. fundur byggingarnefndar vegna rakaskemmda í stofnunum Reykjanesbæjar
haldinn að Tjarnargötu 12, 27. júlí 2023 kl. 15:00

Viðstaddir: Kjartan Már Kjartansson, Grétar I. Guðlaugsson, Guðmundur Björnsson, G. Hans Þórðarson verkefnisstjóri frá OMR verkfræðistofu. Fundargerð ritaði Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir.

* * *

1. Heiðarsel

Lögð fram tillaga frá Arkís arkitektum að framtíðarsýn fyrir Heiðarsel ásamt heildarbyggingarkostnaðarmati. Í tillögunni er gert ráð fyrir stækkun leikskólans um eina deild. Finna þarf lausn á bílastæðamálum.

Tillögunni er vísað til stjórnar Eignasjóðs Reykjanesbæjar.

2. Holtaskóli

Lagðar fram forteikningar frá Arkís arkitektum vegna viðbyggingar og endurbóta á Holtaskóla.

Unnið er að hreinsun á asbesti í skólanum og er gert ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki eftir tvær vikur.

3. Myllubakkaskóli

Byrjað er að klæða D-álmum við Suðurtún að utan.

Gluggar koma til landsins í næstu viku.

Fyrir liggja niðurstöður útboða í 12 verkþætti í Myllubakkaskóla. Kostnaðaráætlun í alla verkþættina var 920.427.530 kr. en heildarupphæð tilboða er 809.043.153 kr. sem er 87,9% af kostnaðaráætlun.

4. Önnur mál

- Stefnt er að því að opna viðbótardeild frá Tjarnarseli að Skólavegi 1. Tekin voru sýni í húsnæðinu eftir viðgerðir og þrif, beðið er eftir niðurstöðum.
- Skoða þarf hvort hægt er að breyta sumarlokunum á leikskólum þar sem erfitt reynist að fá verktaka til að vinna viðhaldsverkefni á þeim stutta tímaramma sem lokunin stendur yfir.
- Skipað var í stjórn Eignasjóðs Reykjanesbæjar á fundi bæjarráðs í morgun. Stjórnin mun taka við störfum byggingarnefndar og er þetta því síðasti fundur nefndarinnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:50.